



**Hagstofa Íslands**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1822*  
*komudagur 25.4.2006*

24. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Efnahags- og viðskiptanefnd, 710. mál, bréf nefndarinnar 12. apríl 2006**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um kjararáð.

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér efni þessa frumvarps. Efni þess tengist starfsemi Hagstofunnar að því leyti sérstaklega að í 10. gr. er gert ráð fyrir samráði milli kjararáðs og Hagstofunnar um val á almennri launavísitölu til að ráða breytingum launa milli grundvallarákvarðana kjararáðs, sem ráðið kunnir að taka tiltölulega sjaldan, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár. Hagstofan hefur engar tæknilegar athugasemdir fram að færa við þetta ákvæði frumvarpsins. Hins vegar má benda á að vísitölutenging af því tagi sem hér er gert ráð fyrir, gæti þótt gefa fordæmi fyrir viðtækari vísitölutengingum á vinnumarkaði.

Hagstofan vill ennfremur benda á að tillögur 3. og 4. gr. frumvarpsins um skiptingu kjararáðs í fullskipað fimm manna kjararáð og kjararáð skipað þremur mönnum og sú hlutverkaskipting sem þar er lögð til, kunnir að orka tvímælis. Er þá haft í huga að eðlilegt virðist að kjararáð sem heild sé ábyrgt fyrir launaákvörðunum og að ekki sé hætt á að efa eða jafnvel ágreinings gæti um ábyrgð á þeim. Ekkert sýnist því til fyrirstöðu að kjararáðsmenn skipti með sér verkum við undirbúning á úrlausn mála en ráðið ætti þá að vera fullfært um að taka sjálft ákvarðanir þar að lútandi. Það væri og í anda þeirrar áherslu sem lögð er á sjálfstæði kjararáðs í frumvarpinu.

F. h. r.